

Hverfisnefnd Naustahverfis

53. fundur, 7. nóv. 2013

Aðalfundur hverfisnefndar

Fundur haldinn í Naustaskóla, kl. 20:00 – 22:50

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson og Gísli Rúnar Magnússon. Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð og Ómar Ívarsson var fundarstjóri.

Gestur á fundinum var Árni Ólafsson frá Teiknistofu arkitekta sem kynnti drög að deiliskipulagi 3ja áfanga Naustahverfis.

7 gestir mættir auk nefndarinnar og Árna. Samtals 12 manns.

1. Skýrsla stjórnar

Bjarni fór yfir skýrslu stjórnar. Farið yfir helstu verkefni nefndarinnar síðasta árið.

Dalsbraut – lokið.

2 milljónir í umhverfisátaki – leikvöllur við Ljómatún.

Naustaborgir – frágangur í grunninum ofl.

Deiliskipulag við Hólmatún – mótmæltum því.

Skipulagsskýring á Jaðarstúni – mótmæltum henni.

Naustaskóli og Naustatjörn – aðallega bílastæðamál.

Grenndargámar við Naustaskóla – vildum láta fjarlægja þá.

Vorhátíð í samvinnu við Naustaskóla og Foreldraráð Naustaskóla.

2. Kosning stjórnar

Stjórnarmenn kosnir til tveggja ára. Fjórir nefndarmenn að ljúka sínu seinna ári. Ásdís Birgisdóttir er flutt úr hverfinu og hættir því störfum, Sveina Björk Jóhannesdóttir hefur ákveðið að láta gott heita og þá er jafnframt laust sæti Gísla Rúnars Magnússonar ef eftirspurn eftir lausum sætum er fyrir hendi. Anna Sjöfn Jónasdóttir gefur kost á sér áfram.

Gunnar Valur Eypórsson, Brekatúni 4, gaf kost á sér til setu í nefndinni.

Auk þess hafði Heiðdís Jónsdóttir, Lækjartúni 8, gefið kost á sér fyrir fundinn, þó hún ætti ekki heimangengt á fundinn.

Gísli gaf kost á að sitja eitt ár í viðbót með þeim fyrirvara að losna út á næsta ári þó svo hann væri í raun á fyrra ári kjörtímabils þá.

3. Kaffi og kleinur

Kaffi, kleinur og pönnukökur í boði hverfisnefndar.

4. Kynning á drögum að deiliskipulagi 3ja áfanga Naustahverfis

Árni Ólafsson frá Teiknistofu arkitekta kynnti drög að deiliskipulagi 3ja áfanga Naustahverfis. Hann var með u.þ.b. eins og hálfis tíma kynningu þar sem hann varpaði m.a. upp teikningum af fyrirhuguðu deiliskipulagi. Hverfið fær nafnið Hagar og nöfn gatna munu vera í höfuðið á nafntogudum Akureyringum og enda á –hagi.

5. Kynning á drögum að hönnun útivistar- og leiksvæðis við Ljómatún.

Anna Sjöfn kynnti drög að hönnun útivistar- og leiksvæðis við Ljómatún. Hún var með stutta kynningu á leiksvæðinu og sýndi m.a. teikningu af fyrirhuguðu svæði.

6. Önnur mál

Almenn umræða um hverfið og það sem betur mætti fara í hverfinu.

Spurt hvort íbúar við Ljómatún þurfi að hafa áhyggjur af hávaða frá nýja leikvellingum? Sú er ekki talin vera raunin, en mætti mögulega takmarka með gróðurbelti eða þvíumlíku.

Umræða um leikvöll og opin svæði sitthvoru megin við Heiðartún.

Rætt um bílastæðamál við skólana, grenndargámana og fleira því tengt.

Snjómokstur. Illa rutt í hverfinu, utan Kjarnagötu.

Rætt um íþróttahúsið. Af hverju er það ekki klárað?

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 22:50.